

Tölvur og tækni

STÝRIHÓPUR

Í stýrihóp skólaárið 2019-2020 voru Árni Þór Hilmarsson, Fríður Sæmundsdóttir og Margrét Jónsdóttir

Reglulegir fundir voru á mánudögum kl. 13.00-13:40. Tvisvar mættu stjórnendur á fund. Stýrihópur tók þátt í nokkrum kennarafundum.

ÁHERSLUR

Undanfarin ár hefur spjaldtölvuvæðing verið mikil í Flúðaskóla. Allir kennarar skólans eru með iPad og hefur spjaldtölvum fjölgað í kennslu. Nemendur á unglingsstigi eru með eigin tæki til afnota. Reynt hefur verið að fjölga spjaldtölvum á yngsta- og miðstigi. T.a.m. eru níu stk. inni í enskustofu, 7.bekkur er með sitt eigið bekkjarsett. Í öðrum bekkjarstofum eru 4-6 spjaldtölvur. Æskilegt er að hver bekkur hafi sitt bekkjarsett.

HELSTU VERKEFNI

Flúðahrapp 4.desember.

Tækjanotkun – reglur um notkun og viðurlög.

Rætt við nemendaráð um tækjalausar frímínútur hjá bæði nemendum og starfsfólki.

Undirbúningur fyrir annað Flúðahrapp en vegna heimsfaraldurs á fordæmalausum tímum bíður það betri tíma.

Starfsfólk hvatt til þess að koma með hugmyndir að öppum eða vefsíðum til kennslu en það voru dræmar undirtektir við þeim áskorunum.

SAMANTEKT

Eins og fram hefur komið hafði Covid-19 áhrif á virkni hópsins þegar leið á veturinn.

Kennarar eru margir hverjir komnir vel á veg í spjaldtölvunotkun en hópur sem þessi er þó gott hjálpartæki í framþróun og kynningu á því sem vel er gert.

Fyrir næsta skólaár þyrfti hópurinn að huga að því að setja niður ákveðnari markmiðasetningu strax að hausti, gera forkönnun og kalla eftir hugmyndum frá kennurum.

Gott verkefni fyrir hópinn væri að taka saman áhugaverð öpp og vefsíður og hafa aðgengilegt fyrir bæði nemendur og starfsfólk á t.d. heimasíðu skólans.